

Mánudaginn 20. apríl 1970.

Nr. 30/1970. **Jónatan Guðmundsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Ófeigi Ófeigssyni, Geir Ófeigssyni,
Jónínu Ófeigsdóttur, Ragnheiði Ófeigsdóttur,
Guðrúnu Ófeigsdóttur og Haraldi Runólfssyni**
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignarréttur að fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1970. Dómkröfur hans eru þessar: „Að viðurkenndur verði fullur eignarréttur“ hans „að sumar-bústað í Hraunteigi innan Næfurholtslands á Rangárvöllum og landi umhverfis bústaðinn innan girðingar, er mörkuð er á uppdrátt á hdskj. 15 af línunum dregnum milli punktanna a-b-c-d-e“, að viðurkenndur verði umferðarréttur hans að og frá bústaðnum og að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 16. apríl 1970, svohljóðandi: „Að gefnu tilefni skal vottað samkvæmt afsals- og veðmálabókum Rangárvallasýslu, að hinn 18. ágúst 1969 voru, að því er varðar jörðina Næfurholt í Rangárvallahreppi, engar þinglýstar eignarheimildir fyrir $\frac{1}{3}$, einum þriðja, hluta jarðarinnar“. Var eigendum þessa $\frac{1}{3}$ hluta jarðarinnar því réttilega stefnt með opinberri stefnu, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Stefndu, sem eru þinglýstir eigendur að samtals $\frac{2}{3}$ hlutum jarðarinnar, létu sækja þing í héraði.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jónatan Guðmundsson, greiði stefndu, Ófeigi Ófeigssyni, Geir Ófeigssyni, Jónínu Ófeigsdóttur, Ragnheiði Ófeigsdóttur, Guðrúnu Ófeigsdóttur og Haraldi Runólfssyni, kr. 14.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 7. desember 1969.

Ár 1969, sunnudaginn 7. desember, var á aukadómþingi Rangárvallasýslu, sem haldið var í skrifstofu Árnessýslu að Selfossi af hinum reglulega dómara, Birni Fr. Björnssyni sýslumanni, ásamt meðdómendunum Lárusi Ág. Gíslasyni hreppstjóra, Miðhúsum, og Páli Hallgrímssyni sýslumanni, Selfossi, kveðinn upp dómur í málinu nr. 27/1968: Jónatan Guðmundsson gegn krefjendum eignarréttar, en málið var þingfest 22. nóvember 1968 og dómtekið eftir munnlegan máflutning hinn 17. október 1969.

Málið er höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 4. september 1968 og birtri í Lögbirtingablaðinu 16. sama mánaðar, af Jónatan Guðmundssyni verzlunarmanni, Sörlaskjólí 24, Reykjavík, gegn krefjendum eignarréttar.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að sumarbústað í Hraunteigi í Næfurholtslandi á Rangárvöllum og að landi umhverfis bústaðinn innan girðingar, allt í samræmi við uppdrátt, framlagðan í málinu, svo og að viðurkenndur verði umferðarréttur hans að og frá bústaðnum og loks, að honum verði dæmdur úr hendi varnaraðilja málskostnaður, þar á meðal ferðakostnaður og dagpeningar eftir lágmarks-gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, að skaðlausu.

Undir rekstri málsins mætti Haraldur Runólfsson bóndi, Hólum, en hann og kona hans eru eigendur Hóla, sem er nýbýli og $\frac{1}{15}$ hluti úr landi Næfurholts. Síðar bættust í hóp varnaraðilja 4 sameigendur að landi Næfurholts, systkinin Geir Ófeigsson, Ófeigur Ófeigsson, Jónína Ófeigsdóttir og Ragnheiður Ófeigsdóttir, eigendur samtals að $\frac{8}{15}$ hlutum úr Næfurholti. Hefur innkomu þessara fjögurra aðilja eigi verið andmælt.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að kröfur sóknaraðilja verði eigi teknar til greina og að málskostnaður verði þeim tildæmdur úr hendi sóknaraðilja.

Í málflutningi varnaraðilja var athugasemdum hreyft við því, að stefnt var opinberri stefnu í málinu, enda þótt vitanlegt væri, hverjir væru eigendur Næfurholts, en engar kröfur voru gerðar af hálfu varnaraðilja varðandi þetta atriði. Á stefnudegi voru heimildir nokkurra eigenda Næfurholts ekki þinglýstar, og sér dómurinn ekki ástæðu til þess að finna að stefnubirtingunni.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1945 byggði Guðný Guðnadóttir, Eskihlíð 6, Reykjavík, sumarbústað í landi jarðarinnar Næfurholts í Rangárvallahreppi, í svokölluðum Hraunteigi. Sumarbústaðurinn var reistur á óskiptu landi Næfurholts (og þar með einnig Hóla). Samkvæmt millimatsgerð, sem úttektarmenn Rangárvallahrepps framkvæmdu 12. desember 1966, er bústaðurinn talinn eign Guðnýjar Guðnadóttur. Stærð hans 75 m², lengd 8.3 metrar, breidd 3.6 metrar og hæð 2.5 metrar. Álitinn óvandaður, byggður úr timbri og járn. Lóðar-eigendur taldir vera Næfurholtseigendur. Að sumri til mun Guðný hafa dvalizt í sumarbústaðnum um lengri eða skemmri tíma, þar til hún andaðist 14. maí 1967.

Hinn 8. apríl 1967 gekk Guðný frá erfðaskrá, sem m. a. er á þessa leið: „Sumarbústaður minn í Hraunteigi á Næfurholtslandi verði eign Jónatans Guðmundssonar, Sörlaskjólí 24, með því, sem í honum er. ... Ég ráðstafa ca. 50.000 kr., sem á að verja eingöngu til friðunar og verndar Hraunteignum, enda verði land það, sem sumarbústaður minn nú stendur á, eign Jónatans Guðmundssonar“.

Sóknaraðili telur sig eigi aðeins hafa fengið sumarbústaðinn í arf eftir Guðnýju heitina Guðnadóttur, heldur og einnig lóðina undir bústaðnum og umhverfis, innan girðingar, þar eð lóðin hafi verið orðin eign Guðnýjar. Fyrst og fremst telur sóknaraðili ekkert líklegra en Guðný hafi fengið lóðina að gjöf frá Næfurholtsfólkinu. En hitt sé þó fullvíst og leiki ekki á tveim tungum, að Guðný hafi með afnotum sínum af lóðinni lengur en 20 ár og sem girt var af í upphafi, unnið fullnaðarhefð á lóðinni og öðlazzt því fullan eignarrétt yfir henni.

Báðum þessum staðhæfingum hafa varnaraðiljar mótmælt og halda því fram, að lóðin sé og hafi verið eign sín og annarra eigenda Næfurholts og að Guðný hafi einungis haft munnlegt leyfi lóðareigenda að nota lóðina, meðan hún lifði.

Skal ágreiningsefnið rakið að nokkru.

Það er upplýst, að Haraldur Runólfsson og fleiri varnaraðilar, en ekki allir eigendur Næfurholts, svo fram sé komið, hafa átt skipti eða samninga við Guðnýju Guðnadóttur, þegar frá lóðarmálinu var gengið og sumarbústaðurinn reistur. Um þau viðskipti hefur eigi verið skriflegur gerningur gerður, svo kunnugt sé. Verður því að leita eftir því með túlkun á erfðaskrá Guðnýjar, svo sem unnt er, og svo með hliðsjón af yfirlýsingu Haralds Runólfssonar og annarra varnaraðila, hvernig ætla má, að um lóðina hafi verið samið upphaflega.

Í skýrslu Haralds Runólfssonar segir m. a., að eigi hafi verið gerður annars konar samningur við Guðnýju en svo, að þannig hafi talast til með þeim Haraldi, að Guðný mætti hafa afnot lóðarinnar, svo sem lóðin var afgirt, meðan Guðnýjar nyti við, en síðan skyldi sumarbústaðurinn fjarlægður, þegar þetta skilyrði væri eigi lengur til staðar. Næfurholtssystkin skýra frá upphafsviðskiptunum með sama hætti, sbr. dskj. 16. Enn segir í skýrslu Haralds, að aðeins um eitt annað sams konar tilfelli hafi verið að ræða varðandi lóð undir sumarbústað í Hraunteigi. Hafi eigandi sumarbústaðarins látizt og bústaðurinn skömmu síðar verið fluttur brott. Hafi þannig í báðum tilvikum verið algerlega um að tefla hrein persónuleg lóðarafnot og sumarbústaðaeigendum hafi alla tíð verið skilyrði þetta fullljóst.

Fyrir þeirri ætlan sinni, að Guðný Guðnadóttir hafi að líkindum fengið lóðina að gjöf, hefur sóknaraðili engin rök fært, og ekkert hefur komið fram í málinu, sem til þess bendir.

Í annan stað heldur sóknaraðili því fram, að Guðný hafi unnið eignarhefð á lóðinni og öðlazzt á henni eignarrétt, nokkru áður en hún andaðist.

Í erfðaskránni er tekið fram, að sumar-„bústaðurinn“ með því, sem í er, skuli til arfs falla sóknaraðila. Enn fremur er það skilyrði sett fyrir afhendingu ca. 50.000 króna úr dánarbúinu til fegrunar og verndar Hraunteigi, að land það, sem sumarbústaðurinn stendur nú á, verði eign sóknaraðila.

Það má telja líklegt, að Guðný heitin hafi vitað, að margir voru eigendur að Næfurholtslandi aðrir en Haraldur Runólfsson og þau Ófeigsbörn og einnig, að allt landið, þar með talið nýbýlið Hólar, var í óskiptri sameign. Enn fremur hefur það vart farið fram hjá Guðnýju, hve sterkum tryggðaböndum þau Næfurholts-systkin eru tengd áttögunum, svo löng og náin skipti, sem hún við þau hafði, og vinsamleg. Enda er það alkunna í héraði og

víðar og þeim systkinum lítt ætlandi að láta af hendi lóðir eða landspildur til annarra nema í algeru undantekningartilviki, og þá með ströngu skilaákvæði. Orðalag erfðaskrárinnar sýnist líka taka allan vafa af um það, að arfleiðandi, Guðný Guðnadóttir, hefur alls ekki álitid lóðina sína eign.

Sóknaraðili hefur ásamt öðrum undirritað erfðafjárskýrslu, þar sem lóðin er ekki færð til eignar dánarbúi Guðnýjar Guðnadóttur og eðlilega af þeirri sök ekki greiddur af henni tilsvaramandi erfðafjárskattur. Enn fremur hefur sóknaraðili átt hlut að samningu skiptagernings á dskj. 7 og staðfest hann með undirskrift sinni. Í þessum skiptagerningi segir svo, að Guðný hafi ánaðnað 50.000 kr. til friðunar og verndar Hraunteigi, „en bundið því skilyrði, að það land, sem sumarbústaðurinn stendur á, verði eign Jónatans Guðmundssonar“, og enn fremur segir þar, að þráttnefndar 50.000 kr. séu „háðar því skilyrði, að eigandi Hraunteigs leggi til lóðarréttindi fyrir sumarbústaðinn“. Þannig hefur sóknaraðili sjálfur á þeim tíma, sem dánarskiptin áttu sér stað og gengið var frá dánarbúinu og eignum þess til erfingja, ekki talið lóðina vera eign dánarbúsins og sækja yrði um lóðarréttindi til eigenda Næfurholts sóknaraðilja til handa.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, eru eigi föng til annars en líta svo á, að Guðný heitin Guðnadóttir hafi frá upphafi talið sér skylt að skila aftur til Næfurholtseigenda margnefndri lóð, þegar hennar nyti eigi sjálfrar lengur við. Um slíkt eignarhald á lóðinni af hálfu Guðnýjar, að það mætti leiða til fullnaðar hefðar og óskoraðs eignarréttar hennar á lóðinni, er því að álitid dómsins ekki að ræða.

Niðurstaða dómsins er því sú, að sóknaraðili hafi hvorki öðlazzt eignarrétt né umráðarétt yfir þeirri lóð, sem ræðir í máli þessu og þráttnefndur sumarbústaður stendur á. Verða því kröfur sóknaraðilja, að því er lóðina varðar, eigi teknar til greina.

Hins vegar hafa engar brögður verið bornar á eignarrétt sóknaraðilja að sumarbústað þeim, sem Guðný Guðnadóttir byggði í Hraunteigi á sínum tíma, og því ekki sérstök ástæða til höfðunar máls til viðurkenningar þeim rétti sóknaraðilja.

Málskostnað, kr. 12.500.00, ber sóknaraðilja að greiða til varnaradilja.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms vegna erfiðleika að ná dómendum saman og enn fremur vegna fjarveru dómsforseta á tímabili úr héraði.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur sóknaraðilja, Jónatans Guðmundssonar, að sumarbústað þeim, sem Guðný Guðnadóttir byggði árið 1945 í Hraunteigi í Næfurholtslandi innan Rangárvallahrepps.

Að öðru leyti eru kröfur sóknaraðilja eigi til greina teknar. Málskostnað greiði sóknaraðili til varnaraðilja, kr. 12.500.00. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. apríl 1970.

Nr. 16/1970. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Sigurjóni Einarssyni og gagnsök

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Gunnar Thoroddsen og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Ölögleg frelsissvipting. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1970 og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. febrúar 1970. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 700.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað.

Svo sem í héraðsdómi greinir, krafðist móðir gagnáfrýjanda þess hinn 20. september 1967, að hann yrði sviptur sjálf-ræði vegna drykkjuskaparóreglu. Hún afturkallaði beiðnina,